158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 378 — 321. mál.

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um afdrif mála þar sem börn eru brotaþolar kynferðisofbeldis.

Frá Eydísi Ásbjörnsdóttur.

1. Hversu margar tilkynningar og kærur bárust lögreglu um kynferðisofbeldi gegn börnum, þ.m.t. stafrænt kynferðisofbeldi, síðustu fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum, flokkun brota og aldursdreifingu og kyni brotaþola.
2. Hversu mörgum málum lauk með því að rannsókn var hætt eða hún felld niður og hversu mörg mál leiddu til þess að ákæra var gefin út? Svar óskast sundurliðað eftir árum.
3. Hversu mörg mál leiddu til sakfellingar í héraðsdómi og hve mörgum var áfrýjað til Landsréttar? Svar óskast sundurliðað eftir niðurstöðu á báðum dómstigum og hvort dómur hafi verið staðfestur í Landsrétti, refsing milduð eða þyngd, sýknu snúið í sakfellingu eða sakfellingu snúið í sýknu.

Skriflegt svar óskast.